

# Óveðursáætlun



## Leikskólinn Andabær

Arnarflöt 2  
311 Borgarnes  
Sími: 4337170

**Netfang:**  
andabaer@borgarbyggd.is

**Heimasíður:**  
<https://borgarbyggd.is/stofnun/andabaer>  
<https://andabaer.leikskolinn.is>

## Starfsreglur leikskólans Andabæjar vegna óveðurs.

Leikskólastjóri í samvinnu við sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar sendir út tilkynningar varðandi röskun á skólastarfi vegna óveðurs eftir að fylgst hefur verið með veðri, veðurspám og tilmælum frá almannavörnum.

### Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

1) Þegar veður gerast vond getur það talist álitamál hvenær hægt er að ætla nemendum að sækja leikskóla. Í öllum tilfellum koma nemendur með einkabíl og því er það mat foreldra hvort nemendur séu heima. Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspá og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni, enda getur veður þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mjög mismunandi eftir svæðum. Tilkynna skal forföll til skóla eins fljótt og kostur er.

2) Þegar almannavarnir ráðleggja að skóla sé aflýst og/ eða leikskólastjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs meta aðstæður sem svo er sett auglýsing í útvarpið, Rás 1, heimasíðu Borgarbyggðar, heimasíðu skólans, facebook síðu leikskólans og facebook síðu foreldrafélagsins.

### Viðbúnaðarstig 1: Röskun á skólastarfi

- Röskun getur orðið á skólastarfi vegna óveðurs ef starfsfólk á erfitt með að komast í skóla og þar af leiðandi getur verið að mönnun skólans sé takmörkuð vegna þess.
- **Góð regla er að hringja í leikskólann áður en lagt er af stað í síma 4337170 eða í síma leikskólastjóra 8464341.**
- Leikskólastjóri metur aðstæður og gefur út tilkynningu ef ástæða er til inn á facebook síðu foreldrafélagsins og heimasíðu skólans. Geisi óveður við lok skóladags er mikilvægt að foreldrar fylgist vel með veðurspá og sækji börn sín snemma ef hægt er. Ef það tekst ekki þá mun leikskólastjóri tryggja börnunum öryggi og góða vist þar til þau hafa verið sótt af foreldrum.
- Ef kalla þarf eftir aðstoð björgunarsveitar skal það gert í samráði við leikskólastjóra.

### Viðbúnaðarstig 2: Skólahald fellur niður

Séu aðstæður þannig að fella verður skólahald niður vegna óveðurs gefur leikskólastjóri út tilkynningu um viðbúnaðarstig í útvarpi, Rás 1, heimasíðu skólans og á facebook síðu foreldrafélagsins. Foreldrum ber að halda börnum sínum heima þangað til tilkynningar berast um annað.

### Hafa þarf í huga

Ef Veðurstofa Íslands varar við veðri, skal taka það alvarlega. Sérstaklega ef varað er við miklum vindi, snjókomu, frostregni og/eða ofsakulda. Hlustið á tilkynningar og/eða viðvaranir sem kunna að vera gefnar í sjónvarpi eða útvarpi. Upplýsingar er hægt að nálgast inn á <http://www.vedur.is/> og hjá <http://www.almannavarnir.is/>

28. maí 2024